

Umsögn um 200. mál á 143. löggjafarþingi: Mannanöfn

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/796*  
*komudagur 8.1.2014*

Frumvarp hér sem liggur fyrir inniheldur góðar fyrirætlanir en ég er á því að ýmislegt megi bæta þar.

### **Niðurlagning mannanafnanefndar**

Þó ekki verði hjá því komist að einhver vernd þarf að vera til staðar ef nafngjöf gengur of langt, eins matskennt og það orðalag hljómar. Augljóst er að hlutverk mannanafnanefndar sé að vera vörður um hagsmuni sem að mínu mati skipta ekki rosalega miklu máli miðað við rétt einstaklinga til þess að bera þau nöfn sem þeir kjósa. Miðað við úrskurðina sem nefndin hefur látið frá sér að undanfögnu virðast vera einkar matskenndar reglur hvernig nöfn eru samþykkt inn á mannanafnaskrá. Nöfnum er synjað inn á skrána vegna ritháttar eingöngu, sem eru nokkuð íþyngjandi ákvarðanir byggðar á reglum sem eru ekki löglega birtar.

Lög um mannanöfn hafa þann yfirlýsta tilgang að koma í veg fyrir að nöfn barna sé þeim til ama. Hins vegar gera lögin ekki ráð fyrir að nafnberi sjálfur gæti verið einstaklingurinn sem myndi óska eftir slíku nafni fyrir sjálfan sig. Mannanafnanefnd myndi hafna ósk lögráða einstaklings á þeim forsendum einum að nafnið væri honum til ama því annars færi nafnið á mannanafnaskrá og þar af leiðandi gæti verið gefið ólöggráða einstaklingi. Röksemdin myndi vera á þá leið að verið sé að vernda hagsmuni þeirra barna sem annars gætu fengið nafnið. Barnaverndarnefnd gæti hæglega séð um mál þar sem foreldrar eru sakaðir um að gefa börnum nöfn sem gætu mögulega verið viðkomandi börnum til of mikils ama. Íslenska tungumálið skiptir ekki svo miklu máli að stjórna þurfi nöfnum með þeim hætti að gert er nú, í það minnsta með svo matskenndum og óformlegum reglum.

### **Vald ríkis til ígripa**

Huga þarf að því að í greinargerð frumvarpsins er farið út í að hugmyndafræðilega séð eigi ríkisvaldið að hafa rétt til ígripa í ákveðnum tilvikum. Mikilvægt er að taka fram hver þau ígrip geta verið og hvaða ástæður þurfa að liggja að baki. Mannanafnanefnd hefur vald til ígripa í því yfirsýni, meðal annars, til að passa að nöfn séu ekki nafnbera til ama, og til verndar íslenskri málhefð og þá sérstaklega eignarfalli eintölu. Þá er ég sammála þeirri skoðun að nöfn skuli almennt leyfð nema nauðsyn krefji um annað og hef ég hingað til eingöngu tekið eftir þrem meginástæðum sem gætu réttlætt slík ígrip:

1. Nafnið má ekki vera nafnbera það mikið til ama að það sé réttmætt barnaverndarmál. Sama gildir ef nafnið er þannig samsett að það gæti brotið á réttindum annarra sbr. stjórnarskrá.
2. Nöfn séu ekki þannig stafsett að Þjóðskrá eigi í óeðlilegum vandræðum með að meðhöndla þau, eins og ef táknið eru í raun og veru ekki bókstafir í neinu viðurkenndu leturkerfi.
3. Nöfn séu almennt ekki nógu einkennandi. Eins og ef nokkuð mörg nöfn samanstæðu eingöngu af einu eigin nafni og engu öðru. Þrátt fyrir núverandi reglur eru margir sem heita „Jón Jónsson“ sem þýðir að núverandi lög tryggja ekki einkvæmi nafna að því leiti.

### **Fjöldi nafna**

Séu lög um mannanöfn skoðuð virðast þau hafa verið sniðin, meðal annars, til verndar úreltra hagsmuna Þjóðskrár Íslands, þar sem nafnreitur þjóðskrár er enn takmarkaður við 31 staftákn, sbr. reglur nr. 1025/2011 sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda. Umboðsmaður Alþingis hefur minnst á þetta að minnsta kosti tvisvar að úrbóta sé þörf, meðal annars í máli 931/1993 og 5334/2008. Breyting á mannanafnalögum í þá veru sem tekur út takmarkanir á

fjölda nafna ætti að ýta undir aðgerðir á réttindamáli sem hefur verið í vitneskju Þjóðskrár Íslands í meira en 20 ár. Íhuga ætti, í þessari endurskoðun, að fjarlægja takmarkanir á fjölda nafna eða breyta þeim svo þær endurspegli hina raunverulegu hagsmuni, takmörkun á staftáknum.

Sú takmörkun um eitt til þrjú eiginnöfn og eitt valkvætt millinafn virðist ekki vera byggt á neinum haldbærum rökum og ekki skilur almenningur hvernig þetta virkar þar sem hinn almenni talsmáti er að allt á milli fyrsta nafns og kenninafna er millinafn. Engin rök nema hefðarök eru fyrir því að hindra einstakling í að hafa meira en eitt millinafn í skilningi laganna.

## Leturkerfi

Annað sem má íhuga í framtíðinni er að víkka út heimildir svo hægt sé að bera nöfn sem rituð eru í öðrum leturkerfum en því latneska, eins og þeim japönsku, kínversku og/eða arabísku. Svo allt þjóðfélagið fari ekki á annan enda væri hægt að bjóða upp á útgáfu sem inniheldur umritun nafnsins á hinu latneska leturkerfi. Tilgangurinn væri meðal annars sá að innflytjendur þurfi ekki að breyta nafninu sínu því samkvæmt núverandi fyrirkomulagi neitar Þjóðskrár Íslands að skrá upprunaleg nöfn þeirra í skrána og heimtar að þeir beri í það minnsta eitt nafn sem má finna í mannanafnaskrá. Hið sama gildir um niðja þeirra sem eiga rætur að rekja til þjóða sem nota önnur leturkerfi.

Tæknileg úrlausn gæti verið sú að hafa tvo nafnadálka í þjóðskrá þar sem núverandi nafnadálkur inniheldur umritunina og síðan væri annar reitur með nafninu í viðurkenndu leturkerfi. Einstaklingarnir gætu því skrifað undir skjöl með nafninu í hvoru leturkerfinu sem þeir vilja og við útsendingu bréfa, sem dæmi, gætu notendur þjóðskrárinnar valið hvora ritunina þeir nota.

## Ættarnöfn

Ég deili þeirri skoðun flytjenda frumvarpsins að bann við upptöku nýrra ættarnafna ætti að hverfa. Séu ný ættarnöfn leyfð vakna auðvitað upp spurningar um hver mætti sækja um og hver réttur þeirra yrði. Ef ég mætti til að mynda taka upp 'Kjarrval' sem ættarnafn, en ég ber það núna sem millinafn; hver yrði réttur ættingja minna sem eru ekki niðjar mínir til þess að taka það upp? Nú myndi náfrænka mín einnig vilja bera nafnið Kjarrval sem ættarnafn, og ég væri ekkert persónulega á móti því. Þyrfti ég að leyfa það sérstaklega eða yrði henni hreinlega bannað að taka það upp þar sem ég væri þegar búinn að því? Þyrfti ég að sannfæra sameiginlegan forfaðir eða formóður um að taka upp nafnið og síðan gætum við bæði tekið það upp í kjölfarið?

Eins mikið og ég er á móti banni á upptöku nýrra ættarnafna hefði ég viljað að svona þælingum sé svarað og settar vel skilgreindar reglur um það, enda fyrirséð að fólk myndi vilja taka upp ýmis nöfn sem fylgt hafa ættinni án þess að þau hafi verið áður löglega viðurkennd sem ættarnöfn. Þá vil ég forðast að það myndist einhver nýr eignarréttur á ættarnöfnum sem erfitt eða ómögulegt yrði að fjarlægja í langan tíma eða einhver myndi lenda í aðstæðum þar sem einn ungur ættingi tekur upp ættarnafn og síðan geti aðrir ættingjar ekki tekið það upp.

En þetta leysir ekki þá elítumyndun sem á sér stað byggðu á ætterni, heldur gefur eingöngu fleirum færi á að taka þátt í henni. Engar fjölskyldur eða ættir ættu að eiga eignarrétt á tilteknu kenninafni og því tel ég betra að gefa kenninöfnin frjáls. Fólk mætti kenna sig við móður eða föður samkvæmt núverandi nafnahefð eða jafnvel hafa nafn sem þarf ekki endilega að hafa neitt með fjölskylduna eða ættina að gera, kjósi það svo. Sumar ættir myndu líklegast mynda innbyrðis hefðir fyrir ákveðnu kenninafni en þær hefði ekkert einkarétt á tilteknum kenninöfnum. Hægt væri fræðilega séð að skylda einstaklinga til að bera eitthvað kenninafn en eignarréttur á mannanöfnum í gegnum erfðir hljómar fáránlega.

Svavar Kjarrval